

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 76/2014

076-2014i

frá 16. maí 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB um uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að aðlaga þær að tækniframförum <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB) og lið 45za (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB):  
„– **32013 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45zv (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/67/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32013 L 0060**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/60/ESB frá 27. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/60/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 17. maí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 15.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.